

STARFSSKÝRSLA 2018

SKÝRSLA BREIÐAFJARÐARNEFNDAR

TIL UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐHERRA



Hvítbjarnarey á Breiðafirði (mynd: Róbert Arnar Stefánsson)

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Aðsetur Breiðafjarðarnefndar	3
Skipan Breiðafjarðarnefndar	3
Fundir Breiðafjarðarnefndar	4
Kostnaður við störf nefndarinnar	4
Starfsemi á árinu 2018	5
Dagleg starfsemi	6
Umsögn um erindi	6
Heimasíða Breiðafjarðarnefndar	6
Vinnureglur	6
Bæklingar Breiðafjarðarnefndar	6
Vettvangsferð og fundur með umhverfis- og auðlindaráðherra	7
Framtíð verndar Breiðafjarðar	8
Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar	8
Framtíð verndar Breiðafjarðar	8
Samningur Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vesturlands	8
Áherslumál	9
Öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni	9
Ný stofnun verndarsvæða	9
Náttúru- og menningarminjar	10
Örnefnaskráning	10
Rannsóknir á fornminjum	10
Rannsóknir á lífríki fjarðarins	11
Gerð fræðsluefnis um fjörur verndarvæðis Breiðafjarðar	11
VIÐAUKI	12

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Allt frá því að lög um Breiðafjörð voru samþykkt á Alþingi hafa orðið nokkrar breytingar á lögunum samhliða breytingum á öðrum lögum sem þau tengjast en lögin eru jafnóðum uppfærð á heimasíðu Alþingis, sbr. <https://www.althingi.is/lagas/146a/1995054.html>.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er samkvæmt ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3, í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis- og auðlindaráðherra, sem fer með stjórn mála er varðar vernd Breiðafjarðar, skipar fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Breiðafjarðarnefnd skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín.

Um skipan Breiðafjarðarnefndar er fjallað í 4 gr. laganna en þar segir m.a.: „Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: [Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð], 2)

Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af þjóðminjaráði. [Ráðherra] skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Sitjandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 9. júní 2017. Hana skipa eftirtaldir:

- Erla Friðriksdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir.
- Eiríkur Snæbjörnsson, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Rebekka Eiríksdóttir.
- Arnheiður Jónsdóttir tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Úlfar B. Thoroddsen.
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Bjarnheiður Jóhannsdóttir.
- Ragnhildur Sigurðardóttir, tilnefnd sameiginlega af Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ, til vara Sturla Böðvarsson.
- Magnús A. Sigurðsson, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Agnes Stefánsdóttir.
- Róbert A. Stefánsson, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Hulda Birna Albertsdóttir.

Theódóra Matthíasdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, gegndi starfi ritara Breiðafjarðarnefndar árið 2018 í 25% starfshlutfalli framan af. Frá 1. september 2018 var samið við Náttúrustofu Vesturlands um 80% starfshlutfall Theódóru til áramóta til að hún gæti sinnt þeim málum nefndarinnar sem brýnt þótti að ljúka.


Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt sex nefndarfundi á árinu 2018, auk þess sem nefndin fundaði með umhverfis- og auðlindaráðherra í Flókalundi samhliða vettvangsferð nefndarinnar í ágúst 2018.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem fylgja skýrslunni í *Viðauka*.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar skv. fjárlögum fyrir árið 2018 námu 10 millj. kr. og höfðu þar með minnkað að verðgildi um 48% frá því árið 2003 (sbr. grafið hér að neðan).



Þar sem ekki var skipað í nýja nefnd fyrr en í júní 2017 voru nefndarstörf í lágmarki framan af árinu 2017. Í lok þess árs voru því nokkrar eftirstöðvar af rekstri nefndarinnar, eða 4.821.479 kr., sem færðust yfir á árið 2018. Í lok árs 2018 voru eftirstöðvar af rekstri nefndarinnar 2.700.610 kr. en þeirri upphæð var þegar ráðstafað í ákveðin verkefni sem áætluð voru í upphafi árs 2019.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar árið 2018

Fjárheimild ársins 2018	10.000.000	
Eftirstöðvar frá árinu 2017	4.821.479	
Samtals fjárheimild	14.821.479	
Kostnaður vegna funda:		
Nefndarlaun vegna ársins 2017		334.660
Launatengd gjöld v. nefndarlauna 2017		52.843
Akstur, bílaleigubílar, gistirými og dagpeningar		491.646
Annar kostnaður vegna funda		98.126
Vettvangsferð		797.301
Rekstur skrifstofu:		
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands v. ritara og skrifstofu		2.863.008
Samningur við Náttúrustofu Vesturlands um viðbótarstarf		2.432.796
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta (vistun heimasíðu)		31.207
Ráðstefnugjöld		5.000
Vextir, bætur, skattar		11.414
Verkefni á vegum nefndarinnar:		
Hlunnindabæklingur, frágangur, prentun og flutningur		75.268
Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum – búsvæðarannsóknir		1.900.000
Náttúrufræðistofnun Íslands – örnefnaskráningar		1.000.000
Vör sjávarrannsóknasetur – vistfræði strandsvæða		300.000
Prentun öryggisbæklings og endurprentun kynningarbæklinga nefndarinnar		1.227.600
Svæðisgarður Snæfellness: Strandsvæði Breiðafjarðar – fjöruvísir		500.000
Alls	14.821.479	12.120.869

Eftirstöðvar sem flytjast yfir á 2019

2.700.610

Starfsemi á árinu 2018

Í byrjun árs 2018 samþykkti nefndin framkvæmdaáætlun fyrir skipunartíma sinn sem unnin var upp úr Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Á áætlun þessari voru meðal annars verkefni á borð við endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, samantekt kynningarefnis varðandi mögulegrar tilnefningar Breiðafjarðar á lista Ramsarsvæða, endurskoðun verndaráætlunar auk fleiri smærri verkefna. Þegar leið á árið 2018 spunnust upp úr þessum verkefnum enn stærri verkefni, svo sem gerð draga að frumvarpi til nýrra laga um vernd Breiðafjarðar greinargerð og

samantekt á efni varðandi framtíð verndar Breiðafjarðar. Í september 2018 samþykkti Breiðafjarðarnefnd að auka starfshlutfall ritara upp í 80% frá september fram til áramóta og ritari fenginn til þess að vinna að þeim verkefnum sem sinna þurfti árið 2018.

Hér að neðan er gerð stutt grein fyrir þessum verkefnum auk annarra verkefna sem komu inn á borð Breiðafjarðarnefndar árið 2018.

Dagleg starfsemi

Umsögn um erindi

Á árinu 2018 fjallaði Breiðafjarðarnefnd, sem fyrr, um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála og umsagnir um frumvörp og reglugerðir. Varðandi afgreiðslu innsendra erinda er vísað í fundargerðir í viðauka.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjardur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun og framkvæmdaáætlun auk annarra skýrsla sem nefndin hefur styrkt og sem tengjast náttúru og menningu Breiðafjarðar.

Vinnureglur

Við umsagnir og afgreiðslu erinda er mikilvægt að gæta jafnræðis og leggja áherslu á að erindi séu afgreidd í samræmi við lög um vernd Breiðafjarðar og verndaráætlun Breiðafjarðar. Árið 2018 endurskoðaði nefndin og uppfærði vinnureglur sínar vegna byggingaleyfa og mannvirkjagerðar. Reglurnar er að finna á heimasíðu nefndarinnar.

Nefndinni berast reglulega umsóknir um styrki til ýmissa verkefna. Árið 2018 setti Breiðafjarðarnefnd sér vinnureglur um styrkúthlutanir sem tryggja eiga að jafnræðis sé gætt og að styrkúthlutanir nefndarinnar séu í samræmi við verndaráætlun Breiðafjarðar. Reglurnar er að finna á heimasíðu nefndarinnar.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur áður gefið út bæklingana „Breiðafjörður - Náttúra og saga“ og „Fuglalíf á Breiðafirði“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds af ferðaþjónustuaðilum við Breiðafjörð auk þess sem þeir eru aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Hlunnindabæklingur

Árið 2013 samþykkti Breiðafjarðarnefnd að efla fræðslu um verndarsvæðið með útgáfu bæklinga á íslensku og ensku um hlunnindi og hlunnindanyttjar á svæðinu. Samkomulag náðist við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi sem lagði grunninn að texta bæklinga síns en ýmsir komu að honum á síðari stigum. Bæklingurinn var loks sendur í uppsetningu og prentun á vordögum 2018 og hefur honum verið dreift til upplýsingamiðstöðva á svæðinu auk þess sem hægt er að nálgast hann á heimasíðu nefndarinnar.

Öryggis- og umgengnisbæklingur

Árið 2018 vann Náttúrustofa Vesturlands að gerð öryggis- og umgengnisbæklings fyrir Breiðafjörð í samvinnu við Breiðafjarðarnefnd. Um er að ræða upplýsingabækling fyrir ferðamenn og aðra sem um verndarsvæðið fara. Bæklingurinn verður í sama broti og fyrri bæklingar sem gefnir hafa verið út af Breiðafjarðarnefnd. Áætluð skil eru í byrjun árs 2019 og verður bæklingurinn þá aðgengilegur á heimasíðu nefndarinnar auk þess sem hann verður prentaður.

Vettvangsferð og fundur með umhverfis- og auðlindaráðherra

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar var farin 15. og 16. ágúst 2018. Ferðin hófst á Stað í Reykhólahreppi þáðan sem Kristján og Sigfríður, ábúendur á Stað, lóðsuðu nefndina inn með Þorskafirði með hugsanlegar veglínur Vestfjarðavegar í huga. Frá Stað var haldið í átt að Flókalundi undir dyggri leiðsögn Sveins Ragnarssonar frá Svarfhóli í Reykhólahreppi. Komið var við í Kvígindisfirði, Bæ á Bæjarnesi og Skálmarnesmúla. Þáðan var keyrt yfir að Firði og loks komið í næturstað í Flókalundi. Morguninn eftir fundaði nefndin með umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundi Inga Guðbrandssyni, og hans samstarfsfólki í Flókalundi, m.a. um frumvarp um þjóðgarðastofnun, framtíð verndar Breiðafjarðar og endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar, áform um aukna þörungatekju á Breiðafirði og aukna umferð á Breiðafirði. Að fundi loknum var Siglunes heimsótt undir leiðsögn Þrastar Reynissonar áður en haldið var heimleiðis.



Hluti Breiðafjarðarnefndar ásamt umhverfis- og auðlindaráðherra við Vatnsfjörð í ágúst 2018 (mynd: Orri Páll Jóhannsson).

Framtíð verndar Breiðafjarðar

Endurskoðun laga um vernd Breiðafjarðar

Í bréfi sem Breiðafjarðarnefnd sendi umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þann 2. maí 2018 hvatti nefndin til þess að lög um vernd Breiðafjarðar yrðu endurskoðuð, m.a. með tilliti til breytinga á náttúruverndarlöggjöf og að lögin endurspegli í ríkara mæli alþjóðasamninga á svæði náttúruverndar. Um leið þurfi að skerpa á lögnum og setja reglugerðir þeim til stuðnings til þess að þau geti þjónað markmiðum sínum og verði haldbærari, skýrari og áhrifameiri.

Í svarbréfi ráðuneytisins þann 16. ágúst 2018 tók ráðherra undir með nefndinni og óskaði eftir því við nefndina að hún sendi ráðuneytinu tillögur sínar að frumvarpi til endurskoðaðra laga. Nefndin samþykkti í kjölfarið að fela ritara nefndarinnar að taka saman drög að frumvarpi að nýjum lögum um vernd Breiðafjarðar auk greinargerðar þeim til skýringar, sem fjallað yrði um á fundi nefndarinnar.

Við þá vinnu var meðal annars stuðst við samantekt starfshóps umhverfisráðherra um úttekt á lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar sem út kom árið 2010. Í endurbættum lögum um vernd Breiðafjarðar vill nefndin leggja áherslu á sex meginatriði:

1. Gildissvið laganna: mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar.
2. Stækkun verndarsvæðis Breiðafjarðar.
3. Að lögin endurspegli í ríkari mæli alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar sem Íslendingar hafa fullgilt og stefnumörkun íslenskra stjórnvalda í umhverfismálum.
4. Fyrirkomulag stjórnar og reksturs verndarsvæðis Breiðafjarðar.
5. Skýrar reglur og refsiaðkvæði.
6. Setning reglugerða sem styðja og skýra lög um vernd Breiðafjarðar.

Framtíð verndar Breiðafjarðar

Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 er tilnefning svæðisins á Ramsarskrá ein af þeim leiðum sem taldar eru styrkja vernd svæðisins. Á síðastliðnum árum hefur nefndin unnið að því að kynna sveitarfélögum hvað í þessari skráningu felst. Á framkvæmdaáætlun nefndarinnar fyrir árið 2018 var áætlað að nefndin fundaði með sveitarfélögum um fjörðinn og kynnti fyrir þeim verndarsvæðið og í hverju skráning á lista Ramsar felst.

Árið 2018 hófust vangaveltur hjá nefndarmönnum varðandi frekari tækifæri hvað verndun svæðisins varðar. Því var ákveðið að fresta um sinn fundum með sveitarfélögum á meðan nefndarmenn kynntu sér mögulegar leiðir til styrkingar verndar Breiðafjarðar. Samþykkt var að funda með sérfræðingum um friðlýsingar í byrjun árs 2019 svo nefndarmenn fengju tækifæri til þess að víða að sér upplýsingum áður en fundað yrði með sveitarfélögum.

Samningur Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vesturlands

Árið 2018 sagði Breiðafjarðarnefnd upp þjónustusamningi við Náttúrustofu Vesturlands á þeim grundvelli að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hygðist gera nýjan samning við náttúrustofuna. Samhliða gerð nýs samnings lagði nefndin áherslu á að ætti fjármunum Breiðafjarðarnefndar að vera ráðstafað til samningsins yrði nefndin að vera aðili að samningnum. Nefndin taldi einnig

mikilvægt að starfshlutfall skv. samningnum yrði hækkað í 100% en ljóst væri að það rúmaðist ekki innan fjárheimilda nefndarinnar.

Áherslumál

Öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni

Árið 2018 kynnti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni og kynnti um leið aflaráðgjöf Hafrannsóknastofnun um hámarksafla klóþangs árið 2018. Nefndin fjallaði um málið og sendi Hafrannsóknastofnun, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra í kjölfarið erindi þar sem hún óskaði eftir upplýsingum um stöðu rannsóknáætlunar auk ítrekunar um mikilvægi slíkrar áætlunar. Nefndin óskaði einnig eftir því að lögð yrði áhersla á að eftirliti með öflun sjávargróðurs yrði sinnt eins og gert er ráð fyrir í lögum og reglugerð. Nefndinni barst þá vöktunaráætlun Hafrannsóknarstofnunar en þeim svörum fylgdi þó ekki hvort um framtíðaráform í vöktun eða tímabundin verkefni væri að ræða.

Á fundi sínum með umhverfis- og auðlindaráðherra í Flókalundi þann 16. ágúst 2018 kom nefndin á framfæri áhyggjum sínum af lögum sem leyfa stórauðna nýtingu á þangi og þara á Breiðafirði. Nefndin benti á að ekki sé vitað hvaða áhrif þessi mikla aukning gæti haft á annað lífríki á firðinum. Þó rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar hafi verið auknar til muna og þekking bæst við, má gera betur ef duga skal. Grunnupplýsingar um nytjategundirnar sjálfar duga skammt því meta þarf hvort og hvaða áhrif aukin þörungategundir hefur á aðrar tegundir fjarðarins. Slíkar rannsóknir taka tíma sem mikilvægt er að gefa sér. Nefndin furðar sig á því að málefni þetta sé aðeins á borði sjávarútvegsráðuneytis og umhverfis- og auðlindaráðuneyti hafi ekkert um það að segja.

Ný stofnun verndarsvæða

Breiðafjarðarnefnd barst á haustdögum 2018 drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða til umsagnar. Eftir að hafa fengið kynningu á tillögunni frá umhverfis- og auðlindaráðherra á fundi þann 16. ágúst 2018 og fundað um afstöðu nefndarinnar í kjölfarið, sendi Breiðafjarðarnefnd inn eftirfarandi umsögn:

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða, svokallaða Þjóðgarðastofnun.

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að unnið sé að samræmingu á rekstri og umsjón verndaðra svæða landsins. Nefndin bendir þó á að í frumvarpsdrögunum sé mikil áhersla lögð á þjóðgarða en lítil áhersla á önnur verndarsvæði, svo sem verndarsvæði Breiðafjarðar, og hvernig þau munu tengjast starfsemi stofnunarinnar. Í því samhengi telur nefndin nafngift stofnunarinnar óheppilega, því starfsemi hennar mun ná mun víðar en bara til þjóðgarða.

Í frumvarpsdrögunum er sérstaklega tekið fram hvernig stjórnir í þjóðgörðum eru skipaðar. Í drögunum er aftur á móti ekki skýrt kveðið á um stjórnun verndarsvæðis Breiðafjarðar. Ekki er sérstaklega tekið

fram hvernig stjórn verndarsvæðis Breiðafjarðar verður skipuð en nefndin bendir á að hingað til hefur ríkt sátt um hvernig skipað hefur verið í Breiðafjarðarnefnd skv. lögum nr. 54/1995.

Breiðafjarðarnefnd leggur ríka áherslu á að Breiðafjörður njóti viðunandi verndar með skýrri lagasetningu og að lögin séu skýr varðandi stjórn svæðisins. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að stjórn verndarsvæðisins haldist áfram á svæðinu og að sveitarfélögin og fagstofnanir eigi fulltrúa í nefndinni.

Nefndin leggur til að lýsing á fyrirkomulagi stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar verði sett í sérstaka grein í frumvarpinu, eins og gert er um þjóðgarða. Þar væri meðal annars gerð grein fyrir tengingu umdæmisráðs og Breiðafjarðarnefndar og hlutverki hvors fyrir sig.

Breiðafjarðarnefnd teldi kost að með frumvarpinu fylgdi greinargerð þar sem framtíðarsýn eða heildarstefnumótun fyrir stofnunina yrði skýrð. Í slíkri greinargerð ættu til dæmis heima útskýringar sem undirbyggðu betur hvers vegna þessi nýja stofnun er talin nauðsynleg.

Náttúru- og menningarminjar

Örnefnaskráning

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að halda áfram örnefnaskráningu á verndarsvæðinu og er það eitt af verkefnum á framkvæmdaáætlun nefndarinnar. Nefndin átti samtal við Landmælingar Íslands um að taka saman yfirlit yfir stöðu örnefnaskráninga á svæðinu með það að markmiði að skipuleggja næstu örnefnaskráningarverkefni. Er gert ráð fyrir því að slíkt yfirlit verði tilbúið í byrjun árs 2019.

Breiðafjarðarnefnd samþykkti í lok árs 2018 að gera samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði. Verkefnið felst í skráningu örnefna eyja, skerja og flæðiskerja á Breiðafirði. Stór hluti verkefnisins snýr að því að hafa samband við heimamenn og aðra þá sem þekkja til örnefna á Breiðafirði, bæði til að leita uppi örnefni og staðfesta þau. Hluti verkefnisins felst í að staðfesta áður skráð örnefni. Náttúrufræðistofnun Íslands mun afhenda gögnin og jafnframt skila skýrslu til Breiðafjarðarnefnd fyrir 1. október 2019. Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun Íslands leggja áherslu á að öllum gögnum sem aflast verði komið til Landmælinga Íslands.

Rannsóknir á fornminjum

Á árinu 2017 styrkti Breiðafjarðarnefnd Fornminjafélag Barðstrendinga og Dalamanna um 1,5 milljónir vegna gerðar minjakorts fyrir Flatey á Breiðafirði á grundvelli þeirra fornminjaskráninga sem félagið hafði þegar unnið á svæðinu. Í ljós kom að lengri tíma tók að útfæra kortið en félagið áætlaði. Fornminjafélagið fékk til liðs við sig grafíska hönnuði og í lok árs 2018 var hönnunarvinnan langt komin. Í lok árs 2018 sendi félagið nefndinni drög að grunnkortu sem vinna átti áfram með. Samkvæmt kröfu Breiðafjarðarnefndar ætlaði félagið svo að bera tillögur sínar undir skipulagsaðila í Reykhólasveit, heimamenn í Flatey, Framfarafélag Flateyjar, Náttúrustofu

Vesturlands, Umhverfisstofnun og Breiðafjarðarnefnd. Eftir að athugasemdir berast frá þeim verður lokahönd lögð á kortið.

Árið 2017 styrkti Breiðafjarðarnefnd Fornminjafélag Barðstrendinga og Dalamanna um 400.000 kr. til fornminjaskráningar og úrvinnslu gagna vegna fornminjarannsókna á Staðarhóli í Döllum. Styrkinn skyldi nýta til þess hluta verkefnisins sem er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar og snýr að strandmenningu. Lokið var við skráningu á öllum fornleifum á Staðarhóli, Fjósakoti og Þurranesi og búið að vinna talsvert úr þeim gögnum sem fyrir liggja. Á vordögum ársins 2018 var birt allítarleg grein um verkefnið í Breiðfirðingi.

Rannsóknir á lífríki fjarðarins

Breiðafjarðarnefnd styrkti rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum um 1.900.000 kr. til rannsókna á búsvæðanotkun fiskseiða. Markmið verkefnisins var að kanna hvort gróin svæði, t.d. þang, þari og marhálmur, innarlega í Breiðafirði séu mikilvæg búsvæði seiða. Notaðar voru veiðitölur, köfunarsnið, greiningar á magainnihaldi og stöðugum efnasamsætum til að meta notkun algengra tegunda seiða, t.d. þorsks og ufsa, á mismunandi botngerðum á innanverðum Breiðafirði. Áhersla var lögð á að meta mikilvægi þara, þangs og marhálms. Skýrslu um verkefnið skyldi skila í febrúar 2019.

Breiðafjarðarnefnd styrkti Vör sjávarrannsóknasetur um 300.000 krónur vegna rannsókna á vistfræði strandsvæða í Breiðafirði. Markmið rannsóknarinnar var að kanna mikilvægi mismunandi búsvæða fyrir fisktegundir í Breiðafirði og meta hvort búsvæðagerð hafi áhrif á fjölbreytileika, þéttleika og aldursdreifingu þeirra. Lokaskýrslu skyldi skila eigi síðar en í mars 2019.

Gerð fræðsluefnis um fjörur verndarsvæðis Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd samþykkti að starfa með Svæðisgarði Snæfellinga við að útbúa kennsluefni um fjörur sem nýst getur skólum við Breiðafjörð. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Sjávarrannsóknasetrið Vör og verður byggt á fjöruvísí sem Vör hefur tekið saman. Verkefnið felst í því að útbúa hnitmiðað kennsluefni upp úr fjöruvísínum og mun nýtast skólum við Breiðafjörð sem og ferðaþjónustuaðilum og öðrum íbúum og aðilum úr atvinnulífi við Breiðafjörð. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes mun afhenda afrakstur verkefnisins og jafnframt skila lokaskýrslu um verkefnið til Breiðafjarðarnefndar fyrir 31. október 2019.

Til að veita ráðherra, almenningi og sveitarfélögum innsýn í starfsemi Breiðafjarðarnefndar, þar á meðal mál sem ekki hafa verið nefnd framfar í starfsskýrslunni, fylgja henni í viðauka fundargerðir Breiðafjarðarnefndar frá árinu 2018.

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2018 verða þær að sjálfsögðu veittar.

f.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir, formaður

Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar 2018

162. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 16. febrúar 2018 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir og Magnús A. Sigurðsson.

Eiríkur Snæbjörnsson, Eyjólfur Bjarnason og Guðríður Þorvarðardóttir forfölluðust.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 161. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Aðalskipulag Snæfellsbæjar

Umsögn um aðalskipulag Snæfellsbæjar

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd bendir á að í kafla 4.2.1. er ekki minnst sérstaklega á vernd Breiðafjarðar skv. lögum nr. 54/1995. Þá má benda á að afmörkun verndarsvæðisins á uppdrætti er ekki í samræmi við túlkun laga um vernd Breiðafjarðar þar sem verndin nær aðeins til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins.

Reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni og aflaráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar um töku þangs

Reglugerð lögð fram

Afgreiðsla:

Í ljósi meginreglna umhverfisréttar, sbr. II. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, telur Breiðafjarðarnefnd að ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar um hámarksafla klóþangs árið 2018 sé nokkuð brött miðað við hvað takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um lífríki fjarðarins í heild sinni. Engar rannsóknir hafa verið gerðar á heildaráhrifum þörungatekju á lífríki fjarðarins og hvaða staðbundnu eða kerfisbundnu áhrif tvöföldun á töku klóþangs muni hafa á annað lífríki. Breiðafjarðarnefnd bendir á að ekki er hægt að nálgast allt það lífmagn þangs í firðinum sem áætlað er að þar sé að finna og er því mögulegt að gengið verði of nærri þangi og öðru lífríki á þeim svæðum sem auðvelt er að nálgast það. Nefndin veltir fyrir sér hvort áætlað hafi verið hversu hátt hlutfall af klóþangi fjarðarins er aðgengilegt fyrir þangpramma. Ef svo er, þá óskar nefndin eftir að fá þær upplýsingar.

Samkvæmt lögum um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni skyldi rannsóknáætlun liggja fyrir um liðin áramót. Breiðafjarðarnefnd óskar eftir upplýsingum um stöðu rannsóknáætlunarinnar og að fá hana senda þegar hún liggur fyrir. Nefndin ítrekar mikilvægi slíkrar áætlunar, auk þess sem hún

leggur áherslu á að eftirliti með öflun sjávargróðurs verði sinnt eins og gert er ráð fyrir í lögum og reglugerð.

Samþykkt að senda erindi til Hafrannsóknastofnunar, Arnórs Snæbjörnssonar lögfræðings hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- og auðlindaráðherra.

Greinargerð Breiðafjarðarnefndar um breytingar á lögum um vernd Breiðafjarðar og setningu reglugerða: drög kynnt

Afgreiðsla:

Samþykkt að senda drög á nefndarmenn og óska eftir athugasemdum. Samþykkt að senda umhverfis- og auðlindaráðherra bréfið eftir lokayfirlestur.

Tilnefning á Ramsarskrá: næstu skref

Afgreiðsla:

Nefndin taki saman upplýsingar fyrir sveitarfélög um afleiðingar tilnefningar á Ramsarskrá. Upplýsingarnar yrðu sendar á nýjar sveitarstjórnir seinni part sumars. Í kjölfarið yrðu haldnir kynningarfundir haustið 2018 um sérstöðu verndarsvæðis Breiðafjarðar og í hverju tilnefning á Ramsarskrá felst. Í lok árs verði send tillaga til ráðherra um að tilnefna Breiðafjörð á Ramsarskrá.

Jarða- og eigendaskrá: yfirlit yfir stöðu mála

Afgreiðsla:

Farið var yfir svör frá sveitarfélögum og nefndin vinnur málið áfram.

Örnefnaskráningar í Svefneyjum: niðurstöður kynntar

Afgreiðsla:

Nefndin þakkar Þórði Sveinbjörnssyni fyrir framtakið og sérlega vandaða vinnu sem vonandi verður fyrirmynd fyrir aðra. Afraksturinn verður á heimasíðu nefndarinnar.

Gróðurfarsrannsóknir á Breiðafirði: kynning á stöðu

Drög að skýrslu kynnt

Afgreiðsla:

Stefnt er að kynningu á lokaskýrslu á næsta fundi nefndarinnar.

Vinnureglur vegna styrkúthlutana: drög kynnt

Afgreiðsla:

Vinnureglur samþykktar og verða birtar á heimasíðu nefnarinnar.

Vinnureglur vegna byggingaleyfa eða mannvirkjagerðar: endurskoðun

Afgreiðsla:

Endurskoðað og samþykkt. Birt á heimasíðu.

Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2018-2021: drög kynnt

Drög lögð fram

Afgreiðsla:

Drög send í tölvupósti til nefndarmanna og lögð fram til samþykktar á næsta fundi nefndarinnar.

Fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar 2018: drög

Drög lögð fram

Afgreiðsla:

Samþykkt að vinna áfram og taka fyrir á næsta fundi.

Öryggis- og umgengnisbæklingur

Róbert kynnti stöðu og lagði til breytingar frá upprunalegri hugmynd að bæklingi.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vinna áfram

Vettvangsferð 2018

Afgreiðsla:

Lagt til að vettvangsferð verði farin í lok ágúst um Þorskafjörð, Gröf, Siglunes og Skálmanesmúla svo eitthvað sé nefnt.

Mál til kynningar

Byggingaleyfi Minjaverndar í Flatey fellt úr gildi

Tilnefning nýs varamanns í Breiðafjarðarnefnd

Vegna fráfalls Signýjar Magnfríðar Jónsdóttur hefur nýr varamaður verið skipaður fyrir Reykhólahrepp í Breiðafjarðarnefnd, þ.e. Rebekka Eiríksdóttir.

Önnur mál

Sýnileiki Breiðafjarðarnefndar og kynning á sérstöðu Breiðafjarðar

Ragnhildur Sigurðardóttir lagði til við nefndina að skoða samstarf við gestastofu Snæfellsness um kynningu á sérstöðu svæðisins. Bæklingar og kynningarefni er þegar til og hægt væri að dreifa til gesta auk þess að nýta sér aðra miðlunarmöguleika sem eru til staðar.

Fundi slitið kl. 14:50

Næsti fundur áætlaður 17. apríl.

163. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 17. apríl 2018 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir Eiríkur Snæbjörnsson, Eyjólfur Bjarnason og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 162. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Skipulagsáætlun fyrir Flókalund – ósk um umsögn

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd óskar eftir ítarlegri skýringarmyndum og frekari upplýsingum um það sem snertir fjöruna og frárennismál.

Gróðurfarsskráning á Breiðafirði – kynning á lokaskýrslu og ósk um þátttöku í prentkostnaði

Afgreiðsla:

Samþykkt að senda skýrsluna með formlegum hætti til Náttúrufræðistofnunar Íslands og leggja til að þar verði unnið áfram með gögnin með það að markmiði að fá ítarlegri kortlagningu á gróðurfari í eyjunum. Einnig að verkja athygli viðeigandi aðila á skýrslunni og niðurstöðum hennar. Samþykkt að taka þátt í prentkostnaði skv. erindi frá Thomasi Holm Carlssen.

Flateyjargátan – upptökur á Flatey á Breiðafirði

Afgreiðsla:

Tímabilið frá miðjum apríl fram í miðjan júlí er mjög viðkvæmt vegna fuglalífs á firðinum. Breiðafjarðarnefnd bendir á að víða eru friðlýst æðarvörp á Breiðafirði þar sem umferð er bönnuð frá 15. apríl – 14. júlí. Upplýsingar um friðlýst æðarvörp er að finna hjá sýslumönnunum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Breiðafjarðarnefnd bendir á að almennt gildir sú regla að umferð innan við 500 metra frá arnarhreiðrum er bönnuð frá 15. mars til 15. ágúst skv. 19. grein laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Alltaf þarf að leita samþykkis landeigenda vegna umferðar og athafna í eyjum. Breiðafjarðarnefnd getur ekki bent á heppilega tökustaði og hefur ekki yfirlit yfir hverjir eru landeigendur.

Framkvæmdaáætlun 2018-2021

Drög lögð fram

Afgreiðsla:

Framkvæmdaáætlun samþykkt. Verður birt á heimasíðu.

Fjárhagsáætlun 2018

Drög lögð fram

Afgreiðsla:

Frestað til næsta fundar.

Öryggis- og umgengnisbæklingur

Drög kynnt

Afgreiðsla:

Nefndin fór yfir drögin og gerði athugasemdir. Samþykkt að vinna áfram og senda á nefndina til frekari yfirlesturs.

Starfsskýrsla

Drög kynnt

Afgreiðsla:

Senda í tölvupósti á nefndarmenn og fá hana samþykkt.

Vettvangsferð

Afgreiðsla:

Samþykkt að vettvangsferð verði farin 15. og 16. ágúst. Eiríkur og Theó sjá um skipulagningu.

Önnur mál

UST fær aukafjármagn til þess að ráða staðar- og landverði

Breiðafjarðarnefnd sendi erindi til þess að minna á að hér vantar staðarvörð.

Uppbygging innviða

Bæta mætti umsóknum um styrki inn á framkvæmdaáætlun fyrir næstu ár.

Mál til kynningar

B-hluti náttúruminjaskrár

Breiðafjörður er svæði sem ber að vernda í náinni framtíð vegna ákveðinna vistgerða og fuglategunda.

Fundi slitið kl. 14:30

Næsti fundur áætlaður 16. ágúst.

164. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. júní 2018 í Stykkishólmi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eiríkur Snæbjörnsson, Eyjólfur Bjarnason og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 163. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Styrkumsókn frá Hafrannsóknastofnun: Umsókn um styrk til Breiðafjarðarnefndar fyrir rannsókn á vistfræði strandsvæða í Breiðafirði

Óskað eftir styrk að upphæð 2.000.000 kr. til rannsókna á vistfræði strandsvæða.

Afgreiðsla:

Málinu frestað og óskað eftir frekari upplýsingum.

Styrkumsókn frá rannsóknasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum: Umsókn um styrk til rannsóknar á búsvæðanotkun fiskseiða

Óskað eftir styrk að upphæð 1.900.000 kr. til rannsókna á búsvæðanotkun fiskseiða.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Styrkumsókn frá Kevin Martin neðansjávarfornleifafræðingi: Umsókn um styrk til rannsóknar á flaki hollenska verslunarskipsins „Melckmeyt“.

Óskað eftir styrk að upphæð 1.250.000 kr.

Afgreiðsla:

Hafnað.

Styrkumsókn frá Sólveigu Önnu Pálsdóttur: Umsókn um styrk til að sækja Ainu Fish Leather iðnvinnustofu.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur verkefnið ekki falla undir verksvið nefndarinnar og þar af leiðandi ekki styrkhæft.

Tímabundin aukning starfshlutfalls ritara: verkefnalisti.

Verkefnalisti lagður fram, yfirlit yfir verkefni á framkvæmdaáætlun nefndarinnar fyrir árið 2018.

Afgreiðsla:

Samþykkt að auka starfshlutfall ritara nefndarinnar upp í 80% tímabundið frá september-desember 2018.

Fjárhagsáætlun 2018

Fjárhagsáætlun lögð fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt.

Erindi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti: Forkaupsréttur ríkissjóðs í Svefneyjum – ósk um umsögn.

Erindi langt fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd álytur að ekki sé þörf á því að beita forkaupsrétti.

Erindi frá Skipulagsstofnun: Vestfjarðavegur (60) um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegur - beiðni um umsögn

Afgreiðsla:

Þar sem veglínur A2 og F skerða verndargildi svæðisins verulega telur Breiðafjarðarnefnd veglínu A3 einu leiðina sem til greina komi miðað við fyrirbyggjandi gögn.

Vatnsfjörður er bæði friðlýst svæði (Stj.tíð. B nr. 96/1975. Sérprentun nr. 243. auglýsing um friðland í Vatnsfirði) og hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar (lög nr. 54/1995).

Erindi frá sveitarstjórn Reykhólahrepps: Þorpið í Flatey – tillaga að verndarsvæði í byggð – kynning vinnslutillögu

Tillaga lögð fram.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að verið sé að vinna að verndarsvæði í byggð í Flatey.

Erindi frá Vesturbyggð: skipulagsáætlun fyrir Flókalund – ósk um umsögn

Afgreiðsla:

Hótelsvæðið sem um ræðir nær ekki að verndarsvæði Breiðafjarðar sem skv. lögum nr. 54/1995 nær til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Svæðið í fjörunni sem afmarkað er með hring liggur þó innan verndarsvæðis Breiðafjarðar en ekkert er fjallað um það í tillögunni.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar ósk sína eftir ítarlegri skýringarmyndum og frekari upplýsingum um það sem snertir fjöruna og frárennslismál (sbr. umsögn um skipulagsáætlun dags. 26. apríl 2018).

Breiðafjarðarnefnd vill einnig koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Breiðafjarðarnefnd vill einnig koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

- Í kafla 1.1. má lagfæra lýsingu á staðsetningu.
- Varðandi kafla 2.4: Ekki er um endurskoðun á stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins í Vatnsfirði að ræða heldur er verið að vinna fyrstu áætlunina.
- Kafli 2.4: Lög um vernd Breiðafjarðar eru nr. 54/1995.
- Kafli 4.2: Líklega er verið að tala um Minjastofnun Íslands en ekki Fornminjastofnun.

Reglugerð um öflun sjávargróðurs og aflaráðgjöf Hafró: svör við erindi Breiðafjarðarnefndar

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar Hafrannsóknastofnun fyrir upplýsingar um vöktunarverkefni sem tengjast þangi og þara og lýsir yfir ánægju með þessi áform. Ennfremur óskar nefndin eftir

upplýsingum um hvort það sé rétt að upptalin verkefni séu hugsuð sem reglubundin vöktunarverkefni til framtíðar.

Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna – staða verkefna

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar fyrir upplýsingar um stöðu verkefna.

Ábending frá Umhverfisstofnun: Skilti liggur niðri við Brjánslæk

Afgreiðsla:

Nefndin þakkar fyrir ábendinguna og mun bregðast við hið fyrsta.

Vettvangsferð 2018

Afgreiðsla:

Vettvangsferð verður farin 15. og 16. ágúst. Lagt af stað frá Stað í Reykhólahrepp og keyrt að Flókalundi með viðkomu í Hlíð, Bjarkalundi, Kvígindisfirði, Bæ, Skálmarnesmúla, Firði og Brjánslæk. Seinni daginn verði fundað með umhverfis- og auðlindaráðherra í Flókalundi og Siglunes heimsótt.

Samningur Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Vesturlands

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti hyggst gera nýjan samning við Náttúrustofu Vesturlands vegna þjónustu við Breiðafjarðarnefnd. Samningurinn kæmi í stað núgildandi samnings nefndarinnar og Náttúrustofu sem undirritaður var 21. maí 2001 og tók gildi 1. júní sama ár. Í samningnum er kveðið á um sex mánaða uppsagnarfrest.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd samþykkir að segja upp núverandi samningi við Náttúrustofu Vesturlands.

Breiðafjarðarnefnd og Þjóðgarðastofnun

Afgreiðsla:

Samþykkt að senda ráðherra bréf varðandi stöðu nefndarinnar í stjórnkerfinu og óska eftir óformlegum fundi í Flókalundi um málefni nefndarinnar.

Mál til kynningar

- Reglugerð um sæstrengi og neðansjávarleiðslur.

Önnur mál

- Kynning á drögum að rýni Multiconsult á veglagningakostum fyrir Vestfjarðaveg í Reykhólahreppi.
- Vefmyndavél á Breiðafirði, t.d. af arnarhreiðri.
- Árið 2019 verður haldin strandmenningarhátíð á Snæfellsnesi. Erlingur hjá Vör hefur unnið fjöruvísí um fjörur við Breiðafjörð. Hefur áhuga á að búa til úr þessari skýrslu kennsluefni.
- Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna sem leiðarljós fyrir Breiðafjarðarnefnd.

Fundi slitið kl. 14:30 - Næsti fundur áætlaður 16. ágúst.

165. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. ágúst 2018 í Flókalundi

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eyjólfur Bjarnason og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 18:30.

Fundargerð 164. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Styrkumsókn frá Vör og Hafrannsóknarstofnun: Umsókn um styrk til Breiðafjarðarnefndar fyrir rannsókn á vistfræði strandsvæða í Breiðafirði

Óskað eftir styrk að upphæð 2.000.000 kr. til rannsókna á vistfræði strandsvæða.

Afgreiðsla:

Samþykkt að veita Sjávarrannsóknasetrinu Vör 300.000 kr. í tengslum við verkefnið.

Drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða, þjóðgarðastofnun

Drög lögð fram.

Afgreiðsla:

Umræða um frumvarpsdrög, drög unnin áfram og umsögn skilað fyrir 5. september.

Erindi til kynningar frá Grundarfjarðarbæ: aðalskipulagstillaga á vinnslustigi og umhverfisskýrsla

Afgreiðsla:

Erindi lagt fram til kynningar.

Önnur mál

Verkefni ritara

Formanni og ritara fengið að forgangsraða verkefnum á framkvæmdaáætlun.

Undirbúningur fyrir fund með umhverfis- og auðlindaráðherra, 16. ágúst

Fundi slitið kl. 19:40

Næsti fundur áætlaður 3. september

Nefndin nýtti fyrri part miðvikudagsins í að fræðast um svæðið frá Reykhólum að Flókalundi undir dyggri leiðsögn Sveins Ragnarssonar frá Svarfhóli í Reykhólahrepp. Ferðin hófst á Stað í Reykhólahrepp þáðan sem Kristján og Sigfríður fóru með nefndina inn eftir Þorskafirði með hugsanlegar veglínur Vestfjarðarvegar í huga. Frá Stað var haldið í átt að 2

Flókalundi með viðkomu í Kvígindisfirði, Bæ á Bæjarnesi og Skálmarnesmúla. Þáðan var keyrt yfir að Firði og loks var komið í næturstað í Flókalundi. Daginn eftir heimsótti nefndin Siglunes undir leiðsögn Þrastar Reynissonar. Nefndin þakkar fyrir góðar móttökur á ferð sinni um svæðið.

166. fundur Breiðafjarðarnefndar, símafundur haldinn 3. september

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eyjólfur Bjarnason og Magnús A. Sigurðsson
Arnheiður Jónsdóttir og Eiríkur ekki á fundi.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 13:00

Drög að umsögn um drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða

Drög lögð fram og rædd.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ljúka við umsögn í gegnum tölvupóst. Frestur til að skila umsögn inn er 5. september. Umsögn nefndarinnar vegna draga að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða:

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða, svokallaða Þjóðgarðastofnun.

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að unnið sé að samræmingu á rekstri og umsjón verndaðra svæða landsins. Nefndin bendir þó á að í frumvarpsdrögunum sé mikil áhersla lögð á þjóðgarða en lítil áhersla á önnur verndarsvæði, svo sem verndarsvæði Breiðafjarðar, og hvernig þau munu tengjast starfsemi stofnunarinnar. Í því samhengi telur nefndin nafngift stofnunarinnar óheppilega, því starfsemi hennar mun ná mun víðar en bara til þjóðgarða.

Í frumvarpsdrögunum er sérstaklega tekið fram hvernig stjórnir í þjóðgörðum eru skipaðar. Í drögunum er aftur á móti ekki skýrt kveðið á um stjórnun verndarsvæðis Breiðafjarðar. Ekki er sérstaklega tekið fram hvernig stjórn verndarsvæðis Breiðafjarðar verður skipuð en nefndin bendir á að hingað til hefur ríkt sátt um hvernig skipað hefur verið í Breiðafjarðarnefnd skv. lögum nr. 54/1995.

Breiðafjarðarnefnd leggur ríka áherslu á að Breiðafjörður njóti viðunandi verndar með skýrri lagasetningu og að lögín séu skýr varðandi stjórn svæðisins. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að stjórn verndarsvæðisins haldist áfram á svæðinu og að sveitarfélögin og fagstofnanir eigi fulltrúa í nefndinni.

Nefndin leggur til að lýsing á fyrirkomulagi stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar verði sett í sérstaka grein í frumvarpinu, eins og gert er um þjóðgarða. Þar væri meðal annars gerð grein fyrir tengingu umdæmisráðs og Breiðafjarðarnefndar og hlutverki hvors fyrir sig. Breiðafjarðarnefnd teldi kost að með frumvarpinu fylgdi greinargerð þar sem framtíðarsýn eða heildarstefnumótun fyrir stofnunina yrði skýrð. Í slíkri greinargerð ættu til dæmis heima útskýringar sem undirbyggðu betur hvers vegna þessi nýja stofnun er talin nauðsynleg.

Fundi slitið kl. 13:20

167. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. desember

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Magnús A. Sigurðsson, Bjarnheiður Jóhannsdóttir og Rebekka Eiríksdóttir.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30

Fundargerð 165. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Fundargerð 166. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lögð fram og samþykkt.

Dalabyggð: ósk um umsögn vegna tillögu um deiliskipulag í landi Ós á Skógarströnd í Dalabyggð

Afgreiðsla:

Fulltrúi Minjastofnunar í nefndinni benti á athugasemdir frá Minjastofnun varðandi skort á fornleifaskráningum.

Bent er á að skipulagsuppdráttur er rangt merktur inn á yfirlitskort.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps: Þorpið í Flatey, tillaga að verndarsvæði í byggð

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd fagnar verkefninu. Nefndin hvetur sveitarstjórn til þess að láta verndarsvæðið ná yfir alla byggð í Flatey. Nefndin lítur á alla byggð í Flatey sem eina menningarlandslagsheild.

Drög að samningi Náttúrustofu Vesturlands og Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Drög lögð fram og rædd.

Afgreiðsla:

Nefndin telur að eigi fjármunum Breiðafjarðarnefndar að vera ráðstafað til samningsins verði nefndin að vera aðili að samningnum. Nefndin telur mikilvægt að starfshlutfall skv. samningnum verði hækkað í 100%, en það rúmast ekki innan núverandi fjárheimilda nefndarinnar.

Drög að breytingum á lögum um vernd Breiðafjarðar

Drög lögð fram og yfirfarin.

Afgreiðsla:

Samþykkt að vinna drög að breytingum áfram.

Staða verkefna

- Öryggis- og umgengnisbæklingur, Náttúrustofa Vesturlands
 - Senda texta á nefndarmenn og óska eftir athugasemdum (helst styttingu).
- Fornleifaskráning á Staðarhóli, Fornleifafélagi Barðstrendinga og Dalamanna.
 - Verkefni er lokið (grein í Breiðfirðingi).
- Fornminjakort í Flatey, Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna.

- Í vinnslu.
- Mat á búsvæðanýtingu fiskseiða á innanverðum Breiðafirði, Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum
 - Í vinnslu (skýrslu skal skila í lok febrúar).
- Vistfræðilegt hlutverk strandsjávarbúsvæða á Breiðafirði, Vör sjávarrannsóknasetur
 - Í vinnslu (skýrslu skal skila fyrir 1. mars).

Örnefnaskráningar

Afgreiðsla:

Öllum skráningum sem Breiðafjarðarnefnd hefur keypt af Náttúrustofu Vestfjarða hefur verið skilað til Landmælinga Íslands sem hefur sett þær upplýsingar inn í gagnagrunn sinn. Kallað hefur verið eftir samvinnu við Landmælingar Íslands um gerð yfirlitskorts yfir það hvar örnefnaskráningar vantar.

Endurskoðun verndaráætlunar

Afgreiðsla:

Samþykkt að stefna að því að halda sérstakan fund um verndaráætlun Breiðafjarðar í byrjun næsta árs.

Kynningarfundir fyrir sveitarfélög

Afgreiðsla:

Samþykkt að halda kynningarfundi fyrir sveitarfélög við fjörðinn um verndarsvæði Breiðafjarðar, drög að lagabreytingum á lögum um vernd Breiðafjarðar og framtíð verndar Breiðafjarðarsvæðisins. Áður en þessi fundi verði haldnir mun nefndin undirbúa sig með því að funda í Reykjavík í janúar með sérfræðingum um þessi málefni (Ramsar, UNESCO, þjóðgarða o.s.frv.).

Staða mála varðandi þjóðgarðastofnun

Afgreiðsla:

Staða mála kynnt.

Staða fjármála Breiðafjarðarnefndar og drög að fjárhagsáætlun 2019

Afgreiðsla:

Samþykkt að setja fjármagn í örnefnaskráningu í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands. Samþykkt að setja fjármagn í samstarf við Svæðisgarð Snæfellinga um útgáfu fjöruvísis. Samþykkt að setja fjármagn í að endurprenta bæklinga Breiðafjarðarnefndar um náttúru og sögu svæðisins og fuglalíf á Breiðafirði. Samþykkt að óska eftir því að fjármagn ætlað fræðslufundum fyrir sveitarfélög verði fært yfir á næsta ár.

Fundi slitið kl. 15:30

Næsti fundur áætlaður í Reykjavík í janúar.